

Nd. **60. Breytingartillögur** [30. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá Jóni Skaftasyni, Þórarni Þórarinssyni og Jóni Kjartanssyni.

Við 4. gr.

1. 2. málsg. 2. töluliðar c-liðar orðist svo:
Í umboðssöluviðskiptum um innlendar iðnaðar- og framleiðsluvörur, þar með taldar bækur og tímarit, skal umboðssali aðeins greiða söluskatt af umboðsþóknun sinni, en framleiðandinn greiðir söluskatt af verði vörunnar frá sér. Hliðstætt gildir um umboðssölu á innfluttum vörum.
2. Aftan við greinina bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
Á eftir 6. tölulið B-liðar 23. gr. laganna komi nýr töluliður, þannig:
7) Vinna og efni við nýbyggingu venjulegs íbúðarhúsnæðis, en til venjulegs íbúðarhúsnæðis telst í þessu sambandi hús, þar sem $\frac{3}{4}$ hlutar gólfplatar eru notaðir sem fullkomin íbúð.